

Veiðifélag Laxdæla

Aðalfundur

15. apríl 2026

Fundur haldinn í Veiðihúsinu Þrándargili kl 20:00

Fundinn sátu: F.h. Fjósa Einar Jón Geirsson, f.h. Hrappsstaða Svavar Jensson, f.h. Spágilsstaða Ingibjörg Eypórsdóttir, f.h. Goddastaða Jóhanna María, f.h. Lambastaða Einar Kristjánsson, f.h. Sámsstaða 1 Jón Steinar Eyjólfsen og 3 Jón Steinar Eyjólfsen, f.h. Pálssels Ólafur Sveinsson, f.h. Svarfhóls Harald Óskar Haraldsson, f.h. Engihlíð Pálmi Jóhannsson, f.h. Leiðólsstaða Bjarni Hermannsson, f.h. Hornstaða Ólafur Sveinsson, f.h. Höskuldsstaða Unnsteinn Hermannsson, f.h. Sauðhúsa Jón Egilsson, f.h. Hjarðarholts Björk Baldursdóttir, f.h. Grafar Katarínus Jónsson, f.h. Ás Sæmundur Jóhannsson, f.h. Saura Hafliði Aðalsteinsson, f.h. Sólheima 1 enginn, fyrir Sólheima 2 enginn, f.h. Hamra og Svalhöfða enginn. Alls 19 atkv gild á fundi.

1. Setning fundar

Ólafur Sveinsson bíður félagsmenn velkomna og setur aðalfund veiðifélagsins 2026.

2. Skipun fundarstjóri og fundarritara

Tillaga að Sveinn Gestsson stjórnaði fundi sem var samþykkt samhljóða. Tillaga að ritara Pálmi Jóhannsson sem var samþykkt samhljóða. Kjörbréf yfirfarin og samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.

Ólafur Sveinsson formaður tekur til máls.

Góðir landeigendur!

Ég mun hér gera grein fyrir starfi Veiðifélags Laxdæla á síðastliðnu ári.

Starfsemi VL hefur verið með hefðbundnum hætti. Gerð verður grein fyrir ársreikningi og afkomu hér í næsta dagskrárlið, rekstraráætlun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi hefur gengið nokkuð vel eftir. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að leggja áherslu á uppgreiðslu skulda vegna framkvæmda við veiðihús og eins og sjá má í rekstraráætlun sem dreift verður hér á eftir er fyrirséð að lokið verður við greiðslu skulda vegna framkvæmda á næsta ári eins

PS
Jóni
HÓH
JSE
OS.

og áætlanir gerður ráð fyrir og hægt verður að greiða arð. Það er alveg ljóst að þessar framkvæmdir voru löngu tímabærar og mikil og almenn ánægja er meðal veiðimanna með húsið og aðstöðuna í heild sinni. Gerð verður ítarleg grein fyrir rekstri síðasta árs og fjárhagsáætlun næsta árs síðar á fundinum

Segja má að á ýmsu hafið gengið í veiðinni í Laxá á síðastliðnu sumri. Það veittust 809 laxar á móti 1353 veiddum löxum árið áður, eða fækkun um nálægt 40%. Þetta gerir um 135 laxa á stöng á móti 225 löxum árið áður. Sveiflur eru þekktar í Laxá, en ég hef það á tilfinningunni að sveiflur hafi aukist nú á síðari árum og er það áhyggjuefni, til viðbótar þeim áhyggjum sem menn hljóta að hafa af ástandi Atlandshafslaxastofnsins. Í þessu samhengi má benda á að veiði í ám á Vesturlandi og Vestfjörðum dróst umtalsvert saman á milli þessara ára, undantekningar eru helsta í ám á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Á síðasta aðalfundi sagði ég í skýrslu stjórnar „að við þurfum að vera undirbúin fyrir innrás hnúðlaxa í sumar“, það gekk eftir og það sem kom verulega á óvart hversu snemma sumars þeir mættu. Á sama tíma var töluverð laxaganga af „náttúrlegum“ laxi sem gerðu aðgerðir erfiðari. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja „veiddust“ 17 hnúðlaxar, sem sendir voru til rannsóknar hjá Hafrannsóknarstofnun. Ljóst er að mun fleiri hnúðlaxar voru í ánni. Ekki vitað hvaða áhrif hnúðlaxar hafa á náttúrlega stofninn en full ástæða er til að farið verði í skipulega rannsókn á þeim áhrifum, en þetta er hvímlendi „gestur“, sem reyna verður allt til að losna við.

Jafnframt liggur það fyrir að eldislax slapp úr kví, þó ekki hafi það verið í sama magni og fyrir 2 árum, en samt nóg til þess að fengnir voru kafarar til að skoða Laxá, auk þess sem hyljir voru skoðaðir með neðanvatnsdróna. Ekki fannst eldisfiskur með óyggjandi hætti í Laxá, aðstæður voru erfiðar vegna mikils vatns og fleiri ástæðna. Veiðifélagið þurfti að leggja fram kostnað vegna þessara aðgerða, það er því dapurlegt að Artic Fish hafi ekki enn greitt veiðifélögum þann kostnað sem þau urðu fyrir vegna stoksins fyrir 2 árum og svo bætist þetta við. Það er dapurlegt að enn stendur í strögli við Artic Fish að greiða fyrir þann kostnað sem veiðifélög urðu fyrir.

Jón Þ.
HÓ H
JSC
TOS.

Mikil barátta Landsambands veiðifélaga er gegn Lageldisfrumvarpi sem er til umfjöllunar fyrir alþingi, en í því frumvarpi er ekki gengið nógu langt í að verja hagsmuni Norðuratlandshafslaxsins og landeiganda.

Á aðalfundi fyrir 2 árum var dreift upplýsingum um myndavélateljara og að sótt hafi verið um styrk til þess í Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Sú umsókn fékk ekki hljómgrunn. Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur síðan, annars vegar með hnúðlaxinn og hins vegar með strokufisk úr sjókvíaeldi var send inn ný umsókn núna í mars sem ekki er komið svar við. Það er mat stjórnar að þetta sé mjög aðkallandi aðgerð og þetta er ekki bara mat stjórnar, heldur fengum við mjög gott stuðningsbréf frá Hafrannsóknarstofnun til að senda inn með umsókninni, sem eykur vonir okkar um stuðning. Heildakostnaðaráætlun vegna þessarar framkvæmdar er rúmlega 60 milljónir. Að sjálfsögðu verður ekki tekin ákvörðun um framkvæmd þessa fyrir en niðurstaða styrkumsóknar liggur fyrir, og þá á félagsfundum. Umræða hefur verið um veiðistaði, á hverju vori fyrir veiðitíma er farið í aðgerðir til að lappa upp á veiðistaði og ýmislegt fleira, þetta hefur verið gert á kostnað veiðifélagsins.

Nauðsynlegt er að lagfæra þurfi veiðistaðina annars vegar Hornsteina og hins vegar Lambastaðakvörn fyrir sumarið til viðbótar „hefðbundnum“ lagfæringum. Fyrirkomulag á vegslóðagerð hefur verið þannig að hver landeigandi á að sjá um slóða fyrir sínu landi. Mér skilst að eitthvað hafi þetta lent misjafnt á landeigendum og umræða verið um hvort Veiðifélagið taki þetta yfir sem mun þá hafa í för með sér lækkun á arðgreiðslum. Ekki liggur fyrir hversu mikill kostnaður þetta yrði. Vegslóðar og aðgengi veiðimanna að veiðistöðum er mjög mikilvægur þáttur í aðstöðusköpun við veiðiár og verður að vera í lagi. Æskilegt er að félagsmenn ræði þetta og afstaða verið tekin til þessa verkefnis hér á fundinum.

Í tvö ár hefur verið leigð fuglafæla sem staðsett er niður við Sjávarafljót til að fæla varg sem reynir að komast í seiðin þegar þau ganga niður. Að mati sérfræðinga hefur þetta skilað góðum árangri og hefur verið tekin ákvörðun um að kaupa svona búnað.

Í ár verður aðalfundur Landsambands Veiðifélaga haldinn að Laugum í Sælingsdal og hefur það komið í hlut Veiðifélagsins að undirbúa ákveðinn hluta þess fundar, sjá um skoðunarferðir, veislustjórn og fleira sem fylgir svona fundum. Fulltrúi „svæðisins“ í stjórn Landsambandsins hefur verið Jón Egilsson.

HóH DT
JónE JSE
OS

Jón hefur tilkynnt stjórn að hann gefi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í Veiðifélagi Laxár á þessum fundi. Jón er reynslumesti stjórnarmaðurinn og mikil eftirsjá af honum í stjórn og við fyrir hönd Veiðifélags Laxár þakka honum fyrir störf hans í þágu Veiðifélagsins og óska honum alls hins besta, með von um að hægt verði að fletta áfram upp í honum!

Ég vil einnig þakka öðrum stjórnamönnum gott samstarf.

Ágætir félagsmenn höldum áfram að styrkja ánnu því alltaf má gott bæta, takk fyrir.

4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar og umræða um þá.

Jón Steinar fer yfir ársreikningana 2025 og eru þeir samþykktir samhljóða. Rekstrartekjur voru 59.642.080kr, rekstrargjöld voru 21.642.479 kr og hagnaður samtals 26.802.192kr

5. Rekstraráætlun

Jón Steinar tekur til máls, rekstraráætlun fyrir 2026 yfirfarin og umræður um hana. Borið til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

6. Kosningar

- a. Úr stjórn á að ganga Jón Egilsson Ólafur Sveinsson. Ólafur Sveinsson kosinn áfram til þriggja ára. Jón Egilsson hefur ákveðið að ganga úr stjórn eftir margra ára stjórnarsetur og er honum þakkað vinnuframlag sitt. Í Stað Jóns kemur Katarínus Jónsson kosinn til þriggja ára.
- b. Kosning varmanns, Jóhanna María Sigmundsdóttir kosin og samþykkt.
- c. Kosning skoðunarmanna Sæmundur Jóhannsson og Svavar Jensson kostnir aðal skoðunarmenn og er það samþykkt samhljóða og Skúla Einarsoni situr áfram sem varamaður.
- d. Ólafur Sveinsson kosinn fulltrúi á fund Landssambands Veiðifélaga samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Jón Steinar ber upp umræður um veiðistaðagerð og spyr hvernig menn vilji sjá þetta gert til framtíðar. Ein hugmynd var að sækja um styrk til fiskiræktarsjóðs til að lagfæra veiðivegi. Engin niðurstaða fékkst í málið að þessu sinni.

Jón PT
Höf-
JSE
OS

Jóhanna María kom með harða gagnrýni á umgengni hússins, umgengnisreglur þurfi að vera skýrari og eftirfylgni með þeim þegar húsið er í útleigu.

Björk Baldursdóttir bendir á að lín hússins þyrfti að endurnýja.

Unnsteinn Hermannsson spyr hvaða áform séu uppi um girðingarmál, ýmislegt var rætt en endanleg niðurstaða ekki fengin.

Svavar Jensson veltir upp hugmyndafræðinni að veiða og sleppa! Þarf að fara að endurskoða þessi mál? er þetta dýraníð? Málið rætt en engin afgerandi niðurstaða.

Fleira ekki gert Ólafur Sveinsson þakkar fyrir góðan fund, bíður gestum að þyggja veitingar og slítur fundi.

Stjórn Veiðifélags Laxdæla


Ólafur Sveinsson


Jón Steinar Eyjólfsson


Pálmi Jóhannsson


Harald Óskar Haraldsson


Jón Egilsson